



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Samgöngustjóri og borgarhönnun

### **Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bílastæðakort fyrir rekstraraðila**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að rekstraraðilar í íbúahverfum á gjaldsvæðum Bílastæðasjóðs, sem sinna beinni og daglegri nærþjónustu við íbúa á gjaldsvæðum Bílastæðasjóðs, t.d. rekstri hverfisverslana, verði gefinn kostur á að kaupa bílastæðakort samkvæmt gjaldskrá sjóðsins.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 11. október 2023.

Umsögn:

Hverfisverslanir og aðrir rekstraraðilar sem sinna nærþjónustu innan hverfa eru nauðsynlegur þáttur til að auðvelda íbúum að fækka bílferðum sínum. Íbúakort eða önnur álíka útfærsla getur auðveldað slíkum aðilum rekstur sinn. Ekki er samt augljóst að slíkt kort eigi að vera innan sama ramma og íbúakort þar sem markmiðið þeirra væri annað, þ.e. að tryggja að hægt sé að koma með aðföng en ekki er víst að það sé alltaf sama bifreið. Málið er þegar í skoðun en við útfærslu á kortum til rekstraraðila er m.a. rétt að líta til þess hvað hefur verið gert í nágrannalöndunum.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri